



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs,

Kópavogi, 13. október 2025
25101200/502.01 GEF

Efni: Sólarhvarf 5. Úthlutun lóðar.

Eftir yfirferð á tilboðum í 3. áfanga úthlutunar í Vatnsendahvarfi lá fyrir að ekki tækist að úthluta öllum einbýlishúsalóðum sem stóðu til boða í þeim áfanga. Kom því upp sú staða að einhverjum aðilum stóð til boða að velja á milli lóða sem þeir gerðu tilboð í.

Egill Gauti Þorkelsson átti jafnhá tilboð í 16 lóðir. Með tölvupósti, dags. 13. júní 2025, var honum tilkynnt að honum stæði til boða að velja á milli þeirra. Samkvæmt úthlutunarskilmálum gat hver aðili fengið að hámarki úthlutað einni einbýlishúsalóð. Óskaði viðkomandi aðili að fá að bíða með að svara hvaða lóð hann vildi fá úthlutað þangað til hæðarblöð lóðanna lægju fyrir. Var sú beiðni samþykkt. Hæðarblöð voru útgefin í lok september 2025.

Í framhaldi óskaði viðkomandi að fá lóðinni Sólarhvarfi 5 úthlutað. Bauð hann 24.000.000 kr. í byggingarréttinn, sem var hæsta mögulega tilboð í viðkomandi lóð.

Eru hæfisskilyrði úthlutunarskilmála uppfyllt.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að einbýlishúsalóð að Sólarhvarfi 5 verði úthlutað til Egils Gauta Þorkelssonar.

Virðingarfyllt,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

